

Reykjavík, 23. janúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof.

Undirritaðar fagna og styðja heilshugar frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof þar sem í því felst aukinn sjálfsákvörðunarréttur kvenna yfir eigin lífi og líkama. Rétturinn til þungunarrofs er og hefur verið stór hluti af baráttu kvenna fyrir jafnrétti og kvenfrelsi. Að sama skapi hefur verið mikil andstaða við að konur hafi sjálfsákvörðunarrétt í þessum efnum, eins og endurspeglast að mörgu leyti í gildandi lögum um fóstureyðingar. Í þeim er aðgengi kvenna takmarkað með margvíslegum hætti, konur eru háðar samþykki utanaðkomandi aðila ásamt því að mælst er til þess að maðurinn komi að ákvarðanatökunni. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að auka sjálfsákvörðunarrétt kvenna að sumu leyti í framkvæmd laganna, eru takmarkanir of miklar og brýn nauðsyn að útvíkka lögin og færa ákvörðunartökuna alfarið í hendur þeirra kvenna sem óska eftir þungunarrofi.

Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir á Alþingi fá konur loksins sjálfsákvörðunarrétt um þungunarrof fram að lokum 22. viku meðgöngu ásamt því að stúlkur eru ekki háðar samþykki foreldra eða forráðamanna. Hvorutveggja eru stór framfaraskref fyrir jafnrétti kynjanna og kvenfrelsi.

**4. gr.** Mikilvægt er að ákvæði 1. mgr. 4. gr., um að heimilt sé að rjúfa þungun konu, að hennar beiðni, til loka 22. viku, verði samþykkt óbreytt. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, er þörf á heimild til þungunarrofs allavega fram að lokum 22. viku af margvíslegum ástæðum og nauðsynlegt er að lögin endurspegli það. Enginn er betur til þess fallin að taka þá ákvörðun en viðkomandi kona og enginn annar en hún sjálf ætti að hafa vald eða rétt til að taka þá ákvörðun. Þessi framkvæmd er mikil framför frá gildandi lögum um fóstureyðingar og er jafnframt besta leiðin til að tryggja konum sjálfsákvörðunarrétt í samræmi við ýmsa mannréttindasáttmála og samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum ásamt því að vera í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í umræðum um frumvarpið hafa komið fram ýmis sjónarmið varðandi lengd þess tímabils sem konur hafa aðgengi að þungunarrofi. Í því samhengi finnst okkur mikilvægt að benda á að ef sá réttur væri takmarkaður við 18 vikur er um skerðingu að ræða frá gildandi lögum og sá tímafrestur er ekki nægjanlegur til að uppfylla þarfir kvenna fyrir þungunarrof, eins og glöggt má sjá í umfjöllun um umsagnir um frumvarpsdrögin í greinargerð frumvarpsins þar sem ýmsar fagstéttir benda á mikilvægi rýmri tímamarka. Taki frumvarpið breytingu í meðförum þingsins er mikilvægt að sá réttur sem konur hafa nú þegar verði ekki skertur með neinu móti.

**5. gr.** Við teljum jafnframt sérlega mikilvægt að ákvæði 5. gr. þar sem tiltekið er að stúlkur þurfi ekki samþykki foreldris eða forráðamanna verði að lögum, enda á enginn að geta þvingað barn, frekar en fullorðnar konur, til að eignast barn gegn þess vilja.

**Önnur ákvæði.** Við teljum jafnframt mikilvægt að ýmis önnur ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga, t.a.m. aðgengi að þungunarrofi í öllum heilbrigðisumdæmum sem og að aðgengi að þungunarrofi sé gjaldfrjáls til að tryggja konum aðgengi að þungunarrofi óháð búsetu eða efnahag.

Við vonum að Alþingi beri gæfu til að samþykkja frumvarpið með ofangreindum ákvæðum og stígi þannig stórt skref í átt að jafnrétti með því að tryggja konum sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin lífi og líkama.

Virðingarfyllt,

Gyða Margrét Pétursdóttir, dósent í kynjafræði  
Katrín Anna Guðmundsdóttir, kynjafræðingur